

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Borgarbyggð, kt. 510694-2289, fyrir meðhöndlun á garða- og óvirkum úrgangi og geymslu á úrgangstimbri og brotajárni á fyrri-
verandi urðunarstað Borgarness. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr
7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Dalabyggð, kt. 510694-2019, fyrir
meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðaúrgangi og geymslu á úrgangstimbri á fyrri-
verandi urðunarstað við Búðardal, Dalabyggð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla
nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí. 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpbrennslu FUNA, Engidal, kt.
480394-2169, fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð FUNA, Ísafjarðarbæ og urðun
úrgangs við Klofning á Flateyri. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr.
7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Tálknafjarðarhrepp, kt. 640269-
6779, fyrir brennslustöð og urðunarstað Tálknafjarðarhrepps. Starfsleyfið er gefið út í sam-
ræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast
gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2006.

Hollustuvernd ríkisins, 16. júlí 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

*Gunnar Steinn Jónsson,
staðgengill forstöðumanns.*